

## Úr Krikanum

### TIL SIGURS

Og þá byrjar boltinn að rúlla. Við FH - ingar mætum nýju sumri með tilhlökkun og eftirvæntingu. Fyrsti leikur Íslandsmótsins, Landsbankadeildarinnar, er framundan. Á sunnudaginn kl. 14 mæta þeir til okkar í Krikann, vaskir sveinar af Skipaskaga. Já, þeir "gulu og glöðu" af Skaganum hafa sýnt það í gegnum tíðina að þeir kunna sitthvað fyrir sér í þessara fótamennt sem knattspyrnan er. En við FH - ingar mætum alls óhræddir til leiks og með bjartsýni og baráttukraft í farteskinu.

Það eru 18 leikir á dagskrá í sumar hjá meistaraflokknum okkar og þar af 9 heimaleikir. Þetta verður frábært knattspyrnusumar - ekki síst í Krikanum.

Sparkspekingar hafa verið að spá því að sumarið geti orðið erfitt fyrir okkur FH - inga. Sumir þeirra ganga svo langt að spá okkur falli. Þeir um það. Gleymum því ekki að skoðanakannanir í kaffisamsætum eða spásagnir spekinga, hafa nákvæmlega ekkert að segja þegar út á völlinn er komið. Þá er það sigurvilljinn, getan, baráttan og þrautseigjan sem ráða því hverjar lyktir verða - hver verða úrslit leikjanna. Það eru því okkar ágætu leikmenn sem hafa síðasta orðið um gengi liðsins í sumar.

Ég treysti strákunum okkar fullkomlega. Þótt á ýmsu hafi gengið í vetur og of margir leikir hafi tapast á undirbúningstímabili, þá hefur það nákvæmlega ekkert að segja um stöðu og gang mála í þeirri keppni sem öllu skiptir, sjálfu Íslandsmóttinu, sem hefst á sunnudag.

Okkar liðsheild er á pappírnum jafnvel sterkari í ár, en í fyrra. Sami kjarni leikmanna er til staðar og síðustu ár. Vissulega höfum við séð á bak nokkrum leikmönnum, en þó er það þannig að fleiri jafnstærkir og sumpart öflugri leikmenn hafa fyllt í skörðin. Og okkar ungu efnilegu leikmenn sem banka á dyrnar með sívaxandi þunga, eru nú árinu eldri en í fyrra!

Það er því ekkert á pappírnum sem segir það, að FH - liðið sé veikara á velli nú en á síðustu tveimur árum. Við höfum á að skipa liði, þar sem mikil knattspyrnugeta og góð breidd er til staðar. Fín blanda eldri og yngri leikmanna. FH liðið getur á góðum degi unnið öll þau lið sem við mætum í Landsbankadeildinni í sumar. Flóknara er þetta viðfangsefni ekki.


Það er því ekki með neinni minnimáttarkennd sem við FH-ingar mætum til leiks þann 18.maí. Þvert á móti erum við með sjálfstraustið í góðu lagi og sigurvilljann til staðar. Við látum einfaldlega verkin tala inná vellinum og ætlum að byrja Íslandsmótið með stæl.

Þeir sem koma í Krikann á sunnudaginn verða vitni að því. Mætum í Kaplakrika og styðjum okkar stráka - til sigurs.

Guðmundur Árni Stefánsson  
formaður knattspyrnudeildar.



LANDSBANKA  
DEILDIN



18. maí 2002  
Kaplakrikavöllur  
Klukkan 14:00

**Heiðursgestur: Lúðvík Geirsson**

Næstu leikir

Mfl. kv. : Valur – FH 20. maí kl. 20:00  
Mfl. ka. : KA – FH 24. maí kl. 14:00

Báðir leikir FH og ÍA í deildinni í fyrra fóru jafntefli. 0:0 á Akranesvelli og 1:1 í Kaplakrika þar sem Atli Viðar skoraði mark FH.

Eftirtaldir leikmenn FH hafa leikið með ÍA: Heimir Guðjónsson, Freyr Bjarnason og Emil Sigurðsson.

Nýjir leikmenn FH

Nr.	Nafn	Fyrra félag
4	Tommy Nielsen	AGF
18	Hermann Albertsson	Dalvík
20	Sverrir Garðarsson	Molde (í láni)
22	Allan Borgvardt	AGF



HEREFORD  
S T E I K H U S



LYFJAPRÓUN • HUGVIT • GÆÐI  
www.delta.is

Ábm. Guðmundur Árni Stefánsson/Umsj. Númi Arnarson og Viðar Hrafn Steingrímsson (<http://this.is/fh>)

Getraunanúmer FH er 220



Nr.	Nafn	Nr	Nafn
1	Daði Lárusson	1	Þórður Þórðarson
2	Magnús Ingi Einarsson	3	Andri L. Karvelsson
4	Tommy Nielsen	4	Gunnlaugur Jónsson
5	Freyr Bjarnason	5	Ellert Jón Björnsson
6	Ásgeir Gunnar Ásgeirsson	6	Reynir Leósson
7	Jónas Grani Garðarsson	7	Baldur Aðalsteinsson
8	Baldur Bett	8	Pálmi Haraldsson
9	Sigmundur P. Ástþórsson	9	Hjörtur Hjartarson
10	Heimir Guðjónsson	10	Stefán Þór Þórðarson
11	Jón Þorgrímur Stefánsson	11	Kári Steinn Reynisson
12	Jóhannes Kristjánsson	12	Eyþór Ó. Frímansson
13	Calum Þór Bett	13	Ágúst Ö. Magnússon
14	Guðmundur Sævarsson	14	Jóhannes Gíslason
16	Svavar Sigurðsson	15	Ólafur Þórðarson
17	Atli Viðar Björnsson	16	Grétar Rafn Steinsson
18	Hermann Albertsson	17	Unnar Örn Valgeirsson
19	Víðir Leifsson	18	Guðjón H. Sveinsson
20	Sverrir Garðarsson	19	Þórður Birgisson
21	Emil Sigurðsson	20	Kristján H. Guðjónsson
22	Allan Borgvardt	21	Garðar B. Gunnlaugsson
23	Ingi Þór H. Kúld	22	Hjálmur Dór Hjálmsón
24	Róbert Magnússon	23	Andrés Vilhjálmsson
25	Emil Hallfreðsson	25	Helgi Pétur Magnússon
26	Davíð Örvar Ólafsson	26	Jón Pétur Pétursson
27	Daníel Einarsson	27	Hafþór Æ. Vilhjálmsson
28	Hrafnkell Kristjánsson	28	Þorsteinn Gíslason
29	Hörður Magnússon		
30	Þorgeir A. Jónsson		

Þjálfari: Ólafur Jóhannesson

Þjálfari: Ólafur Þórðarson